

Ár 2016, laugardaginn 29. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun forseta Íslands,  
þingfararkaup alþingismanna  
og launakjör ráðherra**

**I.**

Samkvæmt 3. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 með síðari breytingum ákveður fullskipað kjararáð laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra.

**II.**

Kjararáð hefur haft launakjör forseta Íslands, alþingismanna og ráðherra til skoðunar. Með bréfi dagsettu 8. október 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Einnig var forseta Íslands, forseta Alþingis og ráðherrum með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum við kjararáð.

Forsætisráðherra, fyrir hönd ráðherra í ríkisstjórn Íslands, sendi kjararáði bréf dagsett 16. október 2015. Í bréfinu segir að ráðherrar telji að athuguðu máli ekki viðeigandi að þeir hlutist til um eigin kjör eftir atvikum með því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð. Kemur jafnframt fram það mat ráðherra að megintilgangur laga um kjararáð sé að færa ákvarðanir um kjör æðstu embættismanna undan áhrifavaldi þeirra sjálfra og að gild rök liggja þar að baki. Með vísan til þess biðjist ráðherrar undan því að tjá sig efnislega um málið.

Forseti Alþingis sendi kjararáði bréf dagsett 20. október 2015. Í bréfinu segir að eftir samráð við forsætisnefnd Alþingis muni forseti ekki tjá sig um launakjör alþingismanna enda telji hann að kjararáð hafi þær upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að kveða upp nýjan úrskurð. Forseti sé hins vegar reiðubúinn að veita kjararáði allar þær upplýsingar sem ráðið kunni að óska sérstaklega eftir. Þá segir í bréfinu að í forsætisnefnd hafi komið fram það sjónarmið að almennt sé æskilegt að úrskurðir kjararáðs um launakjör alþingismanna séu kveðnir upp sem fyrst eftir að niðurstöður kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera liggja fyrir.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 3. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi á þá launaþróun sem verið hafi við athugun á því hvort endurmeta eigi laun þjóðkjörinna manna og ráðherra og gæti jafnræðis við töku ákvarðana.

**III.**

Í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um þrískiptingu ríkisvaldsins. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur

stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. Kjörgengur til forseta Íslands er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningaréttar til Alþingis, að fráskildu búsetu-skilyrðinu. Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim er kosningarétt hafa til Alþingis. Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Verði sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra og ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meirihluti.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaafvinnufyrirtækja. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald. Óheimilt er að lækka þessar greiðslur til forseta á kjörtímabili hans. Samkvæmt lögum nr. 10/1990 um laun forseta Íslands með síðari breytingum, hefur forseti ókeypis bústað, ljós og hita. Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.

Í stjórnarskránni er kveðið á um margvísleg störf forseta og verða þau ekki öll talin hér. Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn frá störfum. Við skipan ráðherra er forseti bundinn af þingræðisreglunni og getur því ekki skipað aðra ráðherra en þá sem meirihluti Alþingis styður eða sættir sig að minnsta kosti við. Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Samkvæmt stjórnarskránni er forseti lýðveldisins ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum og er svo einnig um þá er störfum hans gegna. Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Synji forseti lagafrumvarpi staðfestingar fær það þó engu að síður lagagildi en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað en ella halda þau gildi sínu.

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni. Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður

krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

Alþingi kys sér forseta og stýrir hann störfum þess. Hann ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Hann stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Hann skal sjá til þess að störf þingsins séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrár, þingskapa og annarra laga. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og gerir starfsáætlun fyrir hvert þing. Í lögum um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 með síðari breytingum eru settar nánari reglur um störf Alþingis. Er þar meðal annars mælt fyrir um störf fastanefnda þingsins sem að jafnaði eru skipaðar níu mönnum hver. Nefndirnar eru þessar: Allsherjar- og menntamálanefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, atvinnuveganefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjárlaganefnd, utanríkismálanefnd, velferðarnefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingmönnum er skylt að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Um skyldu nefndarmanna til að sækja nefndarfund gilda almennar reglur um fundarsókn þingmanna. Forföll skulu tilkynnt formanni eða eftir atvikum ritara nefndarinnar.

Alþingi, þingnefndir og einstakir alþingismenn hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Eftirlitshlutverk Alþingis snýr að ráðherrum sem bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sbr. 14. gr. stjórnarskrár. Eftirlitsstörf alþingismanna fara fram með fyrirspurnum, skýrslubeiðnum og sérstökum umræðum, en þingnefndir geta tekið upp mál er snúa að stjórnarframkvæmd ráðherra samkvæmt nánari ákvæðum laga um þingsköp Alþingis. Þannig skal fjárlaganefnd annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skal hafa frumkvæði að því að kanna ákvarðanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Komi beiðni um slíka athugun frá að minnsta kosti fjórðungi nefndarmanna skal hún fara fram. Nefndin getur gefið þinginu skýrslu um athugun sína. Eftirlitsstörf Alþingis gagnvart ráðherrum taka til opinberra málefna. Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða sammings.

Alþingismenn skulu innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur. Sama gildir um varaþingmann sem tekur fast sæti á Alþingi, svo og um varaþingmann sem setið hefur samfellt fjórar vikur á þinginu. Ennfremur skulu ráðherrar sem ekki eru jafnframt alþingismenn fylgja sömu reglu. Upplýsingarnar skulu birtar á vef Alþingis þegar skráningu er lokið. Alþingismaður skal skrá nýjar upplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir. Forsætisnefnd skal undirbúa og leggja fram þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn. Forsætisnefnd fjallar um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.

Samkvæmt stjórnarskránni bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og skal ráðherraábyrgð ákveðin með lögum, sbr. nú lög nr. 4/1963. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál, sbr. lög nr. 3/1963 um Landsdóm.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 mynda ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra Stjórnarráð Íslands. Eins og áður sagði fara ráðherrar með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Sá ráðherra sem forseti Íslands hefur skipað til forsætis í ríkisstjórn Íslands nefnist forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar aðra ráðherra samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Ráðherrar starfa í umboði Alþingis. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Ákveða skal fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Tillagan skal lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu áður en forsetaúrskurður er gefinn út. Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins að þeir séu jafnframt alþingismenn.

Forsætisráðherra ber að gæta þess að verkaskipting á milli ráðherra sé eins skýr og kostur er. Ráðherrar skulu leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Forsætisráðherra skal beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda. Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Forsætisráðherra stýrir fundum ráðherranefnda eða felur öðrum ráðherra að stýra þeim. Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn. Auk ráðherranefnda sem starfa á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra skulu ávallt vera starfandi ráðherranefnd um ríkisfjármál og ráðherranefnd um efnahagsmál. Forsætisráðherra og sá ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins eiga fast sæti í ráðherranefnd um ríkisfjármál. Forsætisráðherra og sá ráðherra sem fer með málefni hagstjórnar og fjármálastöðugleika eiga fast sæti í ráðherranefnd um efnahagsmál.

Í lögum um Stjórnarráð Íslands er með almennum hætti kveðið á um stjórnunar- og eftirlitsskyldur ráðherra með lægra settum stjórnvöldum og sjálfstæðum stjórnvöldum og með eignum ríkisins. Þá er í lögnum sérstakur kafli um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna og skal forsætisráðherra staðfesta siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins. Ríkisstjórn samþykkir siðareglur fyrir ráðherra. Forsætisráðherra undirritar siðareglurnar fyrir hönd ríkisstjórnar og birtir þær. Þá er það á forræði forsætisráðherra að móta Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál.

Samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað með síðari breytingum skal greiða alþingismanni mánaðarlega þingfararkaup úr ríkissjóði. Þingfararkaup greiðist frá fyrsta degi eftir kjördag og til síðasta dags þess mánaðar er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrirfram. Ráðherra á einnig rétt til greiðslna samkvæmt lögum og forseti Alþingis

nýtur sömu launa- og starfskjara og ráðherrar. Greiða skal nefndarformönnum, varaformönnum nefnda, varaforsetum Alþingis og flokksformönnum tiltekið álag á þingfararkaup í samræmi við ákvæði laganna. Alþingi leggur alþingismanni til almenna skrifstofuaðstöðu og nauðsynlegan búnað og greiðir kostnað af því. Endurgreiða skal alþingismanni símakostnað. Endurgreiða skal alþingismanni annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur. Heimilt er að greiða slíkan starfskostnað sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum. Þá er í lögum mælt fyrir um rétt alþingismanna til greiðslna vegna ferðakostnaðar og húsnæðis- og dvalarkostnaðar. Í reglum forsætisnefndar um þingfararkostnað má kveða á um að ákvarðanir kjararáðs um almenn starfskjör þeirra sem undir ráðið falla skuli einnig gilda um alþingismenn eftir því sem við getur átt.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Í kafla III hér að framan er gerð grein fyrir helstu ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga sem gilda um forseta Íslands, alþingismenn og ráðherra. Eins og þar er rakið er kveðið á um þrískiptingu ríkisvaldsins í stjórnarskrá. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Forseti Íslands er þjóðhöfðingi Íslendinga, kjörinn í almennum kosningum, og æðsti embættismaður íslenska ríkisins.

Meginhlutverk Alþingis er að setja lög sem eru undirstaða annarra þátta ríkisvaldsins. Alþingi leggur grundvöllinn að stjórnkerfinu með lagasetningu að svo miklu leyti sem ekki er tekin afstaða til þess í stjórnarskránni. Alþingi ákveður einnig með lögum hver verkefni stjórnvalda eigi að vera og hvernig starfsskilyrðum þeirra skuli háttáð. Stjórnvöld eru bundin af lögum frá Alþingi og geta hvorki íþyngt borgurunum án heimilda í lögum frá Alþingi né tekið ákvarðanir sem fara í bága við þau. Þá liggur fjárveitingarvaldið hjá Alþingi. Með lögum frá Alþingi er ákveðið hvaða skattar skuli innheimtir hverju sinni og með fjárlögum hvers árs stýrir Alþingi því hvernig fjármunum ríkissjóðs er varið. Þá fer Alþingi með mikilvægt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu. Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Ráðherrar eru í reynd æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins. Þeir eiga frumkvæði að því að framkvæma vald forseta Íslands enda bera þeir ábyrgð á öllum stjórnarfrumkvæmdum samkvæmt stjórnarskrá. Ráðherrar fara með yfirstjórn ráðuneyta sem þeir veita forstöðu hver á sínu valdsviði og jafnframt hafa þeir stjórn og eftirlit með störfum

lægra settra stjórnvalda sem undir ráðuneytið heyra. Þá er útgáfa starfsreglna og stjórnvaldsfyrirmæla, svo sem reglugerða til nánari útfærslu á lögum, meðal þeirra verkefna sem heyra undir ráðherra. Ráðherrar sækja umboð sitt til Alþingis. Ráðherra-ábyrgð er ákveðin með lögum og Landsdómur dæmir þau mál.

Afar mikilvægt er að þjóðkjörnir fulltrúar séu fjárhagslega sjálfstæðir og engum háðir. Störf þeirra eiga sér ekki skýra hliðstæðu á vinnumarkaði enda eru þeir kjörnir til starfa í almennum kosningum og þurfa að endurnýja umboð sitt að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Forseta Íslands, ráðherrum og þingmönnum hafa ekki verið ákvarðaðar sérstakar greiðslur fyrir vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma, þrátt fyrir að störf þeirra fari að hluta til fram utan hans.

Kjararáð starfar eftir lögum um kjararáð eins og þau eru á hverjum tíma. Lögum hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þannig var kjararáði með lögum nr. 148/2008 gert að lækka laun allra þeirra sem undir ráðið heyra um 5-15%, sbr. einnig lög nr. 127/2009. Allir þeir sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyrðu á þessum tíma að frátöldum forseta Íslands sættu því lækkun launa á grundvelli áðurnefndra laga. Þingfararkaup alþingismanna lækkaði um 7,5% og laun ráðherra um 14-15% frá 1. janúar 2009.

Kjararáð hefur ekki áður fjallað heildstætt um launakjör forseta Íslands, alþingismanna og ráðherra en laun þeirra hafa tekið breytingum til hækkunar í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Fyrir gildistöku laga um kjararáð nr. 47/2006 heyrði ákvörðun um laun alþingismanna, ráðherra og forseta Íslands undir Kjaradóm sem starfaði samkvæmt þágildandi lögum um Kjaradóm og kjaranefnd nr. 120/1992.

Kjaradómur mat það svo á sínum tíma að eðlilegt væri að þingfararkaup væri hið sama og ákvörðuð mánaðarlaun héraðsdómara, enda væru þessir hópar hliðsettir handhafar tveggja þátta hins þrískipta valds. Kjararáð telur rétt að þingfararkaup taki áfram mið af mánaðarlaunum héraðsdómara, en um nokkurt skeið hefur það verið lægra. Á sama hátt telur kjararáð rétt að laun ráðherra taki mið af launum hæstaréttardómara. Fram hefur komið að til viðbótar þingfararkaupi sem kjararáð ákveður er nefndarformönnum, varaformönnum nefnda, varaforsetum Alþingis og flokksformönnum, í lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað nr. 88/1995, ákveðið tiltekið álag á þingfararkaup, auk þingfararkostnaðar. Þá hefur forseti Alþingis sömu launa- og starfskjör og ráðherrar.

Forseti Íslands hefur verið með hæst laun þeirra sem kjararáð ákveður laun og telur kjararáð rétt að svo verði áfram. Áður hefur komið fram að samkvæmt lögum hefur forseti ókeypiss bústað, ljós og hita. Þá ber að greiða allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins sérstaklega úr ríkissjóði. Skattfrelsi forsetans var afnumið með lögum nr. 84/2000. Með þeirri breytingu var þó ekki ætlun löggjafans að lækka laun forsetans, sbr. úrskurð Kjaradóms frá 25. júlí 2000.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forseta Íslands, þingfararkaup alþingismanna og launakjör ráðherra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. nóvember 2016 skulu laun forseta Íslands vera 2.985.000 krónur á mánuði.

Þingfararkaup skal vera 1.101.194 krónur á mánuði.

Laun forsætisráðherra að meðtöldu þingfararkaupi skulu vera 2.021.825 krónur á mánuði. Laun annarra ráðherra að meðtöldu þingfararkaupi skulu vera 1.826.273 krónur á mánuði.

Með vísan til 2. málslíðar 1. gr. laga nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað breytast laun alþingismanna og ráðherra frá og með 30. október 2016.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson

---

Svanhildur Kaaber

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson